

bænda
FERÐIR

**LINKS Golf ferðir kynna:
Princes – Royal Cinque Port –
Royal St. Georges**



20. – 24. apríl 2026

Fararstjórn: Styrmir Guðmundsson

Ferðalýsing

Severiano Ballesteros: „The Open is golf's greatest stage“

Fáir staðir bjóða uppá það sem hér er. 3 heimsklassa golfvöllir sem allir hafa haldið The Open og eru staðsettir við hlið hvors annars á suð-austurströnd Bretlands, rétt hjá Dover.

Það þarf ekki að fjölyrða um gæðin og söguna, en allir 3 vellir eru í senn frábærir en ólíkir.

Princes býður uppá 3 x 9 holur (Shore-Himalayas-Dunes) sem allar eru stórskemmtilegar og völlurinn er alltaf til fyrirmyndar. Princes hefur oft verið notaður sem „Regional Qualifying“ völlur fyrir The Open. Æfingasvæðið (högg, vipp, pútt) er frábært og hér er hægt að æfa og spila í marga daga án þess að láta sér leiðast. Þessu til viðbótar bjóða þeir uppá gistingu í The Lodge, sem er snyrtilegt, rólegt og sérhannað fyrir golfiðkendur. The Lodge er staðsett við teig hinnar alræmdu 14.holu Royal St. Georges og því umlukið golfi frá komu til brottfarar.



Royal Cinque Port er í 5mín akstursfjarlægð frá „The Lodge“ og er mjög íhaldssamur enskur völlur. Mjög algengt er að þú spilar fyrri 9 í meðvindi og svo seinni 9 í húrrandi mótvindi. Þetta er gamall og glæsilegur völlur sem gaman er að heimsækja og hefur mörg einkenni sem maður man lengi eftir



Hér er bannað að spila í stuttbuxum nema í hnéháum sokkum.

Royal St. Georges þarf líklega ekki að fjölyrða um. Collin Morikawa vann Open hér 2021 og þar sem hann gisti í „The Lodge“ þá nefndu þeir hamborgarann sinn eftir honum. Íhaldið á hér höfuðstað og miklar reglur eru allt umlykjandi. Völlurinn er mjög glæsilegur og það er sannarlega einstök upplifun að koma þarna og spila.



Reglur klúbbsins eru 18,4 hámarksförgjöf á gesti.

Jakki og bindi skilyrði í veitingasal fyrir hádegismat og hnéháir sokkar ef stuttbuxur.

Nánar um ferðina

Flogið er til Heathrow, þaðan sem rúta keyrir okkur niður til Kent. 5 golfhringir.

Í boði eru 18 tveggja manna herbergi og 4 einstaklingsherbergi. Upplýsingar [hér](#).

Morgunverður alla daga

Kvöldverður 2 kvöld í The Lodge og 2 „frjáls“ kvöld

Hádegisverður eftir hring á Royal Cinque Port og Royal St. Georges.

5 dagar | 4 nætur í Kent



Flugið

Flogið verður með Icelandair til Heathrow þann 20. apríl. Brottför frá Keflavík kl.07:40 en mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending á Heathrow kl. 11:55 að staðartíma. Frá Heathrow eru um 160 km til Sandwich svo gera má ráð fyrir að rútuferðin taki um 2 klst. Á brottfarardegi er flogið heim kl. 21:25 frá Heathrow. Lending á Íslandi um miðnætti.

Verð

429.900 kr. á mann í tvíbýli | 42.400 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Ferðir á milli Heathrow og hótels/golfvallar
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergi með sturtu/baði
 - Nokkur einstaklingsherbergi í boði
- ✓ Morgunverður
- ✓ Öll vallargjöld (5 golfhringir)
- ✓ Síðbúinn hádegisverður á RSP og RSG
- ✓ Kvöldverður 2 kvöld.
- ✓ Akstur milli golfvalla.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Hádegisverðir 3x (Innifalið á RSP og RSG).
- ✓ 2 kvöldverðir utan hótels.
- ✓ Aukahringir, æfingasvæði eða kennsla.
- ✓ Golfbíll.
- ✓ Forfalla- og ferðatrygging.

Fararstjóri

Styrmir Guðmundsson er með 0 í forgjöf og hefur spilað síðan um 14 ára gamall. Uppalinn í Nesklúbbnum, en fór síðar í Keili og hefur verið í GSE síðan 2003 og spilað með sveitum allra þessara klúbba. Styrmir er einnig meðlimur í Ferndown Golf Club sem er #100 völlur í UK, en hann bjó í Bournemouth í um 4 ár.

Styrmir hefur búið í Skotlandi og Englandi til margra ára og þekkir því svæðin og vellina vel.